

**10. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Þorpinu, Þjóðbraut 13,
17. mars 2015 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Helga Gunnarsdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu.

Fundargerð ritaði: Helga Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1409098 - Starfsáætlun Þorpsins 2014-2015

Skóla- og frístundaráð vill kynna sér stafsemi stofnana sem heyra undir ráðið og því er fundurinn haldinn í Þorpinu þar sem kynnt verða helstu verkefni sem sinnt er í Þorpinu.

Starri Reynisson vara áheyrnarfulltrúi sat fundinn. Heiðrún Janusardóttir verkefnisstjóri æskulýðs- og forvarnarmála og Ruth Rauterberg mættu á fundinn og fóru yfir þau verkefni sem sinnt er í Þorpinu. Um er að ræða Gaman - saman verkefnið sem er frístundatilboð fyrir 10 - 12 ára börn. Einnig frístundaklúbbur fyrir fatlaða unglínga og framhaldsskólanemendur. Einnig er kvöldstarf í félagsmiðstöðinni Arnardal fyrir unglínga og framhaldsskólanemendur fá aðstoð við sitt tómstundastarf.

2. 1503086 - R&G Hagir og líðan ungs fólks á Akranesi 8.,9. og 10. bekkur febrúar 2015

Rannsóknir og greining gera árlega könnun meðal ungmenna í grunnskólunum og nú hafa niðurstöður vegna könnunar sem lögð var fyrir í febrúar verið teknar saman í skýrslu.

Heiðrún Janusardóttir fór yfir helstu niðurstöður úr skýrslu Rannsókna og greiningar. Niðurstöður hafa verið kynntar fyrir stjórnendum grunnskóla, námsráðgjöfum, barnaverndaryfirvöldum og fulltrúa frá FVA.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45.

*Rakel Óskarsdóttir
Kristinn H. Sveinsson
Sigrún Inga Guðnadóttir
Helga Gunnarsd.
Svala Hreinsdóttir
Sigríður Indriðadóttir*